

AUGLÝSING

um háskólakennslu á Akureyri.

Alþingi hefur í fjárlögum fyrir árið 1987 veitt fé til háskólakennslu á Akureyri. Menntamálaráðuneytið hefur í framhaldi af því ákveðið, að háskóli á Akureyri hefji störf haustið 1987, og er miðað við, að námsárið 1987-88 verði kennsla á tveimur námsbrautum, þ.e. námsbraut í hjúkrunarfræði og námsbraut í iðnrekstrarfræði. Um kennslu, nám og próf á þessum námsbrautum fari eftir sömu reglum og gilda um hliðstæðar námsbrautir í Háskóla Íslands annars vegar og Tækniskóla Íslands hins vegar.

Forstöðumaður háskólakennslu á Akureyri hefur verið ráðinn Haraldur Bessason, prófessor, námsbrautarstjóri á hjúkrunarfræðibraut Margrét Tómasdóttir, M.S., námsbrautarstjóri á iðnrekstrarfræðibraut dr. Stefán G. Jónsson og skrifstofustjóri Bárður Halldórsson, menntaskólakennari. Ráðningarnar gilda að svo komnu um eins árs skeið.

Ráðuneytið hefur hinn 15. júní 1987 skipað nefnd til að semja frumvarp til laga um háskóla á Akureyri.

Menntamálaráðuneytið, 18. júní 1987.

Sverrir Hermannsson.

Árni Gunnarsson.

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um gjöld fyrir skoðun, skráningu, mælingu skipa o.fl. nr. 531/1986.

1. gr.

3. gr. 2. tl. C orðist svo:

Fyrir nýsmíði þilfarsskipa erlendis skal greiða til Siglingamálastofnunar ríkisins skv. A lið þessarar málsgreinar að viðbættum ferðakostnaði skoðunarmanna.

2. gr.

4. gr. 2. tl. orðist svo:

Heimilt er að innheimta fyrirfram hjá eiganda skips, sem svarar ferðakostnaði og áætluðum dagpeningum skoðunarmanna, fari viðgerð fram erlendis.

3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 34. gr. laga nr. 51/1987 um eftirlit með skipum staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Samgönguráðuneytið, 12. júní 1987.

Matthías Bjarnason.

Ragnhildur Hjaltadóttir.